

Mánudaginn 8. nóvember 1937.

Nr. 27/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Thomas William Norris

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. marz 1937: Kærður, Thomas William Norris, greiði 20600.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afpláni kærður hana í 8 mánaða einföldu fangelsi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Favorita G. Y. 1039 sé upptækt, og renni andvirðið til landhelgisjóðs Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns, Th. B. Líndals hrm., kr. 100.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, mældist staður dufls þess, er út var sett frá varðbátnum Gaut á tökustað togarans Favorita þann 4. marz þ. á., vera 0.7 sjóm. innan landhelgislinu. Aðstæður til miðana og mælinga voru góðar. Áttavitamiðanir kærða, er gáfu innbyrðis ósamrímamlegar niðurstöður, geta ekki hnekkst niðurstöðu varðbátsmannanna. Kærði kveðst hafa siglt frá tökustaðnum til lands, og hafi sú leið reynzt rétt yfir 3 sjóm. Engin gæzla var á aflestri leiðarmælis togarans af hálfu varðbátsins né heldur á því, hvort togarinn sigldi beina línu eða ekki. Þessi tilraun kærða til að afsanna niðurstöðu varðbátsmanna verður því ekki heldur talin skipta máli. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með

framangreindum athugasemdum, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 7 mánuðir.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150,00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 7 mánuðir.

Kærði, Thomas William Norris, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Thomas William Norris, skipstjóra á togaranum Favorita G. Y. 1039, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924.

Í fyrrakvöld kl. 23.44 kom varðskipið Gautur að togaranum Favorita, þar sem verið var að draga inn botnvörpuna, og var í henni lifandi fiskur. Setti varðskipið út ljósbauju við hlið togarans, og var gerð við hana eftirfarandi staðarákvörðun:

Garðskagaviti	> 35° 35'
Stafnessviti	
Reykjanessviti	> 93° 22'

Í birtingu í gærmorgun kl. 7.20 var aftur gerð staðarákvörðun við baujuna:

Garðskagaviti $> 35^{\circ} 30'$

Stafnessviti $> 92^{\circ} 50'$

Reykjanessviti

Dýpi var 84 metrar.

Báðar þessar staðarákvarðanir gefa stað baujunnar 0.7 sjómílur innan landhelgislinu.

Ákærður hefir viðurkennt það að hafa verið að toga á þessum slóðum um daginn og draga inn vörpuna, þegar varðskipið kom að honum. Hann hefir og talið, að baujan, sem sett var út við hlið togarans, hafi ekki getað færzt úr stað svo neinu nemi, sem máli skipti, en staðarákvörðun, varðskipsherrans hefir hann eindregið mótmælt og talið baujuna hafa verið utan landhelgislinunnar.

Kærður kveðst sjálfur hafa mælt stað baujunnar með kompás og gert eftirfarandi staðarákvörðun:

Útskálar NA til A $\frac{1}{2}$ A

Stafnes A $\frac{1}{2}$ S

Karl Rock S $\frac{1}{4}$ V

Gaut Rock SV til S

og gefi hún stað baujunnar nálægt $\frac{1}{5}$ úr milu utan landhelgi.

Kærður var í réttinum látinn setja út á sjókort stað baujunnar samkvæmt þessum miðunum, og komu þá fram þrír mismunandi staðir, en allir þó utan landhelgislinunnar. Skýrði kærður það með því, að kompásinn hefði hreyfzt, meðan hann tók miðanirnar, sakir veltu skipsins.

Jafnframt því að taka þessar miðanir loggaði hann til lands, og reyndist fjarlægðin samkvæmt því rétt yfir 3 mílur.

Að áliti réttarins verður ekki talið, að kompásmiðanir kærðs, eins og þeim nú hefir verið lýst, geti í neinu orðið til vefengingar staðarákvörðun skipherra varðskipisins, og verður því að telja sannað, að togarinn hafi verið innan landhelgi, þegar varðskipið kom að honum, eins og áður er lýst.

Samkvæmt þessu hefir kærður gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Þykir refsing hans, sem ekki hefir,

svo kunnugt sé, fyrr orðið sekur við landhelgislöggjöfina, hæfilega ákveðin með tilliti til núverandi gullgildis krónunnar 20600.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 8 mánuði. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Favorita G. Y. 1039, skal upptækt gert til sama sjóðs. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns Th. B. Lindals hrm., er ákveðast kr. 100.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1937.

Nr. 105/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóni Gunnari Jónssyni og Jóni Guðlaugssyni (Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. júní 1937: Kærði Gunnar Jónsson sæti 50 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi. Hann greiði og 3500 króna sekt til menningar-
sjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 90
daga.

Kærði Jón Guðlaugsson greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði Gunnar Jónsson málsvarnarlaun, kr. 35.00, til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Að öðru leyti ber hinum kærðu að greiða kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.